



# Fréttabréf FFA - október 2024

## OPIÐ HÚS hjá FFA 3. október kl. 20 - tengill

Nú er sumar í Köldukinn ...

## Góðviðrisgöngur í október - tengill

Þá er formlegri ferðaáætlun FFA 2024 lokið og við tekur tilraunaverkefni með Góðviðrisgöngur í október sem við vonumst vissulega til að verði góður til útivistar. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að inni á heimasíðu FFA er hægt að finna þær ferðir sem búið er að undirbúa og fá fararstjóra í. Þar er hægt að skrá sig í þær ferðir sem þið hafið hug á. Gert er ráð fyrir að þær verði á laugardögum, sunnudagur hugsanlega til vara. Á miðvikudegi er síðan sú ferð auglýst sem verður fyrir valinu næsta laugardag en það fer eftir veðri og fararstjórum. Skrifstofa FFA hefur þá samband við þá sem eru skráðir og lætur vita um ferðina. Aðrir skrá sig í ferðina fram að brottför, helst samt ekki seinna en fyrir hádegi á föstudegi svo hægt sé að taka ákvörðun um hvort næg þátttaka er í ferðina.

Þann 26. september var verðlaunaafhending í gönguleik FFA, Paulanum. Þátttaka jókst nokkuð frá því í fyrra, bæði í hópi barna og fullorðinna. Vegleg verðlaun voru dregin út í báðum flokkum auk þess sem öll börnin fengu viðurkenningarskjal frá FFA og glaðning frá Icewear sem vakti mikla lukku.

Næstu vikur og mánuði taka margar nefndir félagsins til óspilltra málanna við sín störf, t.d. Hefja ferðanefnd og barna- og fjölskyldunefnd undirbúning ferðaáætlunar 2025. Þið sem hafið hugmyndir um ferðir og fararstjóra megið gjarnan hafa samband við formann FFA á netfanginu [formadur@ffa.is](mailto:formadur@ffa.is).

***Svo til ykkar sem eigið eftir að sækja Árbók 2024 og Ferðir.***

***Hægt er að sækja á milli kl. 11 og 13 í október á skrifstofu FFA, Strandgötu 23.***